

Ed.

1031. Nefndarálit

[368. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Það virðast örlög þessa frv., sem nú er til umræðu í þriðja sinn, að staldra aðeins við í efri deild nokkra síðustu klukkutíma þinghaldsins. Þess vegna hefur nefndinni ekki gefist tími til að ræða þetta viðkvæma og margslungna mál til neinnar hlítar.

Málið hefur verið mikið umdeilt, og er það enn, eins og glögg kom fram í viðtölum nefndarinnar við fulltrúa fiskvinnslunnar annars vegar og fulltrúa selveiðibænda hins vegar. Fulltrúar fiskvinnslunnar tóku skýrt fram að frv. væri ekki flutt að þeirra ósk og að þeir teldu breytingar á frv. frá fyrra ári til hins verra. Einkum bentu þeir á það að ef framkvæmdir yrðu í höndum tveggja ráðuneyta yrði það selveiðum örugglega ekki til framdráttar.

Í máli talsmanna áhugamanna um selveiðihlunnindi kom hins vegar fram að þeir teldu að með þessum lögum væri verið að taka hlunnindaréttinn frá bændum og í skriflegum breytingartillögum þeirra kom fram að landbúnaðarráðuneytið skyldi eitt fara með selveiðimál.

Það er augljóst að skoðanir skerast mjög milli handhafa selveiðihlunninda og þeirra sem stunda sjávarútveg. Og hvorugur getur sætt sig við óbreytt frumvarp. Enn fremur hefur komið fram andstaða náttúruverndarfólks við frumvarpið.

Sú skoðun er hér sett fram að í þessu máli, eins og svo mörgum öðrum, verði að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Lög um selveiðar verða að taka mið af hagsmunum sjávarútvegsins fyrst og fremst og með því hugarfari eru breytingartillögur minni hl. settar fram. Rökstuðningur með breytingartillögum er svohljóðandi:

Um 2. gr.

Ef sjávarútvegsráðuneytið kaupir rannsóknir af tilteknum aðila er eðlilegast að sá sem vinnur verkið skili sínum gögnum, niðurstöðum rannsókna og reikningum, beint til ráðuneytisins en ekki til Hafrannsóknastofnunar. Ráðuneytið hefur eðlilega umráðarétt yfir slíkum gögnum og getur gert við þau hvað það er því sýnist. Tvíverksaður hefur ekki einkennt selarannsóknir á Íslandi til þessa og litlar líkur eru á slíku í framtíðinni.

Þessa grein frv. mætti skilja svo að Hafrannsóknastofnun eigi að hafa umsögn um allar selarannsóknir á vegum sjávarútvegsráðuneytisins og geta samþykkt þær eða hafnað að eigin geðþótta. Slíkt vald ætti rannsóknastofnun ekki að hafa, heldur ráðuneyti, enda yrði það verkkaupi að þeim rannsóknum sem hér um ræðir. Eðlilegast er að sjávarútvegsráðuneytið leiti áhlits Hafrannsóknastofnunar um rannsóknirnar og kynni niðurstöður slíkra rannsókna stofnuninni þegar þær liggja fyrir.

Um 3. gr.

Það má segja að 3. gr. frv. sé að nokkru leyti óþörf, 1. gr. þess nægi. Eðlilegast er að samskipti sjávarútvegsráðuneytis og þeirra stofnana, sem getið er í 3. gr., verði með þeim hætti sem hér er lagt til.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að setja viðbót við 4. gr. laganna. Víða hér við land er nú mikill selur á eyðijörðum eða jörðum sem einungis eru nýttar sem sumardvalarstaður. Yfirleitt eru ekki stundaðar selveiðar á slíkum jörðum. Reynslan hefur sýnt það að á slíkum eyðijörðum sést útselurinn, ef skilyrði eru að öðru leyti heppileg fyrir hann, og fjölgar sér verulega. Sjávarútvegsráðherra verður að hafa heimild í lögum til þess að sporna við slíkri fjölgun sela sem rekja má til þess að hefðbundnar nytjar hafa lagst af. Hér er einnig opnuð sú leið að veita þeim, sem áhuga hafa á því að stunda selveiðar sem atvinnugrein allt árið, eða hluta úr ári, veiðileyfi á slíkum svæðum með þeim takmörkunum sem getið er í lögum.

Um 6. gr.

Þau atriði, sem talin eru upp í 6. gr., eru flest ef ekki öll óþörf. Nægilegt er að setja reglugerð um veiðarnar á hverjum tíma sem tekur til þeirra atriða sem nauðsynleg eru hverju sinni. Það er því lagt til að þessari upptalningu verði sleppt.

1. *tölul.* verði sleppt vegna þess að sjávarútvegsráðherra á ekki að hafa leyfi til að banna selveiðar á ákveðnum svæðum. Þau svæði sem um ræðir eru annaðhvort eign manna eða þjóðgarðar og friðlönd sem lög um náttúruvernd ná yfir.

2. *tölul.* verði sleppt sem algerlega óþörfum. Selveiðar eru stundaðar á þeim tímum sem best hentar hjá hverjum og einum veiðimanni. Háttarni selanna og veðurlag á Íslandi takmarka þann tíma alveg nægilega sem mögulegt er að stunda árangursríkar selveiðar.

3. *tölul.* verði einnig sleppt sem algerlega óþörfum. Þessi tónn, sem þar kemur fram, er óþarfur eins og málum háttar nú. Þess má einnig geta að það eru einungis tveir selastofnar sem Íslendingar ráða yfir, þ.e. landselur og útselur. Selir annarra tegunda, sem koma hingað að ströndinni, eru flækingar og kæpa ekki hér við land. Yfirleitt eru veiðar þeirra takmarkaðar af samtökum selveiðiþjóða. Rostungur er t.d. alfríðaður. Af vöðusel og blöðrusel má árlega veiða ákveðinn kvóta. Íslendingar eru ekki með í ákvörðunum um veiðar þessara dýra og eiga því miður ekki veiðirétt úr þessum stofnum.

4. *tölul.* er óþarfur. Selveiðar verða alltaf stundaðar á þann hátt og með þeim aðferðum sem best henta. Ekki er ástæða til að segja vönnum selveiðimönnum fyrir verkum að þessu leyti. Reynsla veiðimanna af árangri veiðiaðferða, gerð skotvopna og siðfræði nægir.

Einnig má sleppa 5. *tölul.* um frágang drepinna sela. Þetta atriði fellur undir lög og reglur um mengun og hollustuhætti og umgengnisreglur við náttúruna. Það er óframkvæmanlegt fyrir ráðuneytið að ákveða um frágang selskrokka. Nýting þeirra mun væntanlega ávallt vera höfð að leiðarljósi.

6. *tölul.* er þarflaus. Það er ekki mikill munur á hefðbundnum veiðum og veiðum í vísindalegum tilgangi. Það er óþarfi að vera að takmarka veiðar í vísindalegum tilgangi við einhverja tölu sem fundin yrði í ráðuneyti. Fjöldi dýra, sem nauðsynlegt er að veiða vegna rannsókna, fer eftir kröfum rannsóknaraðila. Öryggismörk á niðurstöðum rannsókna ákvarða það.

Um 7. og 8. *tölul.* er það að segja að ef tillögugreinin orðast eins og hér er lagt til hefur ráðherra nægilegar heimildir til að setja reglur er stuðla að fækkun sela, einnig á svæðum sem friðlýst hafa verið.

9. *tölul.* er ónauðsynlegur að svo stöddu.

Flm. leggja ríka áherslu á að þessar tillögur nái fram að ganga og mun afstaða þeirra til frumvarpsins mótast af því hver afdrif breytingartillagnanna verða.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Björn Dagbjartsson,
fundaskr.